



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

- Mörk skipulagssvæðis
- LANDNOTKUN**
- Þéttbýli, þéttbýlismörk
 - Íbúðarsvæði
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Svæði fyrir þjónustustofnanir
 - Verslunar- og þjónustusvæði
 - Athafnasvæði
 - Iónaðarsvæði
 - Hafnarsvæði
 - Landbúnaðarsvæði L1
 - Landbúnaðarsvæði L2
 - Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
 - Frístundabyggð
 - Opin svæði til sérstakra nota
 - Afþreyingar- og ferðamannasvæði (nýr flokkur)
 - Íþróttasvæði (nýr flokkur)
 - Öbyggsvæði
 - Blönduð landnotkun
 - Efnistökusvæði
 - Merking landnotkunarreiða
 - Landfyllingar
- TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN**
- Hverfisverndarsvæði
 - Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
 - Svæði á Náttúruminjaskrá
 - Vatnsverndarsvæði
 - Brunnsvæði
 - Gransvæði
 - Fjarsvæði
 - Forminjar
 - Forminjar, minjasvæði
 - Forminjar, Sveitarlangur
 - Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum
- SAMGÖNGUKERFI**
- Stofnbraut
 - Stofnbraut jarðgöng
 - Tengivegur / tengibraut
 - Aðrir vegir / salfgata
 - Aðal göngu- og hjólastígur
 - Megin útivistarstígur
 - Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA**
- Rafveita, loftlína
 - Rafveita, flutningslína, heilgunarsvæði
 - Rafveita, jarðstrengur
 - Hitaveita
 - Vatsveita
 - Ljósleiðari
 - Fráveita, útrás

Sveitarstjórn Dalvíkurbýggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbýggðar 2008-2020 verði breytt til samræmis við tillögu að deiliskipulagi íþróttasvæðisins. Um er að ræða breytingu á mörkum og sameiningu landnotkunarreiða. Tveir reitir eru endurskilgreindir eftir nýjum landnotkunarflokkum og litakerfi samkvæmt 7.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Unnin hefur verið tillaga að deiliskipulagi íþróttasvæðis og er hún kynnt og auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

Helstu forsendur

Í Dalvíkurbýggð er framsækið og blómlegt atvinnulíf og er Dalvík þungamiðja verslunar, þjónustu og atvinnulífs í sveitarfélaginu. Áætlað er að í lok skipulagstímabils verði íbúafjöldi í sveitarfélaginu um 1.800 – 2.200 manns. Í ársbyrjun 2017 var íbúafjöldi á Dalvík 1.334 manns og 1.831 íbúar í sveitarfélaginu öllu.

Í kafla 3.2.2 um Dalvík í greinargerð aðalskipulags kemur eftirfarandi fram:

- Á skipulagstímabilinu verði vöxtur bæjarins fyrst og fremst sunnan núverandi byggðar, auk einstakra annarra svæða.

Áhersla er lögð á vöxt bæjarins til suðurs m.a. vegna góðra tengsla við skóla- og íþróttasvæði.

Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á meginmáli greinargerðar. Breytingar eru gerðar á landnotkunartölum. Stærð svæða er tilgreind í hekturum (ha).

Kafla 4.3 Íbúðarsvæði

Gildandi skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
405-1b	6,1	Ofan sundlaugar Dalvíkur.	Óskipulagt, óbyggt. Fyrsti áfangi framtíðarbyggðar.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 10-15 íb/ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Miðað er við að byggðin vaxi síðar yfir reit 407-O.
406-A/lb/v	1,7	Við Ásgarð.	Óbyggt, óskipulagt. Svæðið verður andlit bæjarins gagnvart aðkomu úr suðri.	Blönduð byggð, almenn atvinnustarfsemi, verslun og þjónusta, íbúðir. Í deiliskipulagi verði tekið mið af mikilvægi svæðisins í bæjarmynd auk þess sem byggðin skýli íbúðarbyggð á reit 407 fyrir umferðarhávaða.

Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
405-1b	7,9	Íbúðarbyggð sunnan við íþróttasvæði.	Óskipulagt, óbyggt. Fyrsti áfangi framtíðarbyggðar.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 10-15 íb/ha. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Miðað er við að byggðin vaxi síðar yfir reit 407-O.
406-V	1,3	Blönduð byggð við Ásgarð.	Óbyggt, óskipulagt. Svæðið verður andlit bæjarins gagnvart aðkomu úr suðri.	Blönduð byggð: verslun og þjónusta, íbúðir. Í deiliskipulagi verði tekið mið af mikilvægi svæðisins í bæjarmynd. Vegtenging frá Þjóðvegi sem tengist íbúðarsvæði 405-1b.

Kafla 4.4 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Gildandi skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
402-O/S	5,7	Íþróttasvæðið á Dalvík.	Tjaldsvæði, fótboltavöllur og æfingavöllur	Stofnansvæði með útivistargildi. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
404-O/S	4,9	Íþróttasvæði.	Á reitnum er Sundlaug og Íþróttamiðstöð Dalvíkurbýggðar, að öðru leyti óbyggt svæði.	Stofnansvæði með útivistargildi. Áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja skv. deiliskipulagi.

Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
402-AF	1,3	Tjaldsvæði Dalvíkur.	Tjaldsvæði og þjónustuhús.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.
404-1b	8,1	Íþróttasvæði Dalvíkur.	Á reitnum er Sundlaug og Íþróttamiðstöð Dalvíkurbýggðar og íþróttasvæði með áhorfendastúku, knattspyrnuvöllum og aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.

Breyting á aðalskipulagi Íþróttasvæði Dalvíkur

Breytingar á uppdrætti

- Reitir 404-O/S er endurskilgreindur eftir nýju litakerfi sem íþróttasvæði og fær númerið 404-1b. Reiturinn stækkar yfir hluta af reitum 402-O/S og 406-A/lb/v en minnkar frá suðri vegna stækkunar aðliggjandi íbúðarreiðs 405-1b.
- Landnotkunarreitir 402-O/S er endurskilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði með númerið 402-AF og minnkaður sem nemur stækkun íþróttasvæðis.
- Framtíðaríbúðarbyggð á reit 405-1b stækkar og er framlengd yfir hluta reits 404-1b að 406-A/lb/v.
- 406-A/lb/v verður 406-V, blönduð íbúðarbyggð, verslun og þjónusta. Reiturinn minnkar til samræmis við stækkun íþróttasvæðis 404-1b.
- Vegtengingar frá Þjóðvegi að 404-1b og 406-V.
- Vegtenging frá Bökkvisbraut að íbúðarbyggð 405-1b.
- Húsagrunnur uppfærður.

Áhrifamat

Breytingin felst fyrst og fremst í breyttri skilgreiningu landnotkunar. Ekki er um að ræða stækkun fyrirhugaðra framkvæmdasvæða eða skilgreiningu nýrra landnotkunarreiða. Breytingin er ekki líkleg til að valda meira álagi á nærliggjandi svæði eða umferðarmannvirki en að óbreyttu skipulagi. Með breytingunni er fyrirkomulag umferðar-tenginga við svæðið ákveðið.

Allt landið sem breytingin nær til er raskað land, framræst mýri að hluta og gömul tún auk íþróttasvæðis með íþróttavöllum. Skipulagsbreytingin hefur engin áhrif á sérstakar jarðmyndanir eða lífríki sem nýtur verndar að lögum.

Tveir minjastaðir eru tilgreindir innan fyrirhugaðs íbúðarsvæðis (405-1b) í aðalskrá fornminja (Adólf Friðriksson o.fl. Fornleifaskráning í Eyjafirði XIII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku. Fornleifastofnun Íslands 1999). Það eru tvö garðlög, annað líklega girðing. Fornleifar verða skráðar á vettvangi í samhengi við deiliskipulag svæðisins þegar fram líða stundir.

Með breytingunni eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda sem falla undir ákvæði laga um mat á umhverfis-áhrifum nr. 106/2000.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbýggðar þann 15.05.2018

Kjartan Sigurðsson
Sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 26. júní 2018

Haraldur Hafsteinsson
SKIPULAGSSTOFNUN

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020 ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR - DALVÍK



Umhverfis- og tæknisvið Dalvíkurbýggðar

BREYTING Íþróttasvæði Dalvíkur

Mælikvarði 1:10.000 í A2

16. febrúar 2018

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FELAGAR ehf. Arkitektar félag

KEPPLAUGA VITTRÁKVEIÐ SKULAVÖRUSTRO 3
REKJAVÍK 101
NETFANG: ark@teknib. is VEFANG: www.teknib. is